Þegar komið var fram á fyrri hluta áttunda áratugar 20. aldar höfðu ekki margar byggingar verið reistar á svæði 3 til viðbótar við áður nefnt vinnu- og áhaldahús að Eldshöfða 2 (byggt 1963) og verksmiðjubyggingar Ísaga að Breiðhöfða 11 og 11a (byggðar 1964 og 1972), eins og sjá má á mynd 8 af þróun uppbyggingar á deiliskipulagssvæðunum. Á árunum 1970-1972 reisti Vatnsveita Reykjavíkur þó vörugemyслу og verkstæði (mhl. 03) að Eirhöfða 11 (áður Breiðhöfði), eftir teikningum Magnúsar Skúlasonar arkitekts. Byggingin var fyrsti vísirinn að starfsemi Vatnsveitu Reykjavíkur á svæðinu, en Vatnsveitan hafði ekki átt fastan samastað fyrir starfsemi sína fyrr en henni var úthlutað 2,75 hektara lóð á svæðinu á 60 ára afmæli sínu árið 1969.⁶² Fimm aðrar byggingar (mhl. 01, 02, 04, 05 og 06), allar hannaðar af Magnúsi Skúlasyni arkitekt, voru síðan reistar fyrir starfseminna á lóðinni. Vatnsveita Reykjavíkur sameinaðist Orkuveitu Reykjavíkur árið 2000 og er enn með starfsemi í matshluta 01 og 03.



Mynd 21. Iðnaðarhúsálengja við Eldshöfða 1-9 á mynd frá 2016.⁶³

Meginuppbyggingin á svæðinu átti sér stað á árunum 1980-1990 en um helmingur húsanna á svæðinu reis á níunda áratug aldarinnar. Flest húsanna eru iðnaðarhús, staðsett við

⁶⁰ Munnleg heimild: Viggó Guðmundsson, starfsmaður Hreinsunar og flutnings ehf., dags. 5.5.2018.

⁶¹ Loftmynd úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR), Borgarvefsja:

<http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun. Sótt 2.5.2018.

⁶² Hilmar Garðarsson: *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur*, bls 234.

⁶³ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Mynd tekin á vettvangi 5.9.2016. Ljósmyndari: Alma Sigurðardóttir.

Eir- og Eldshöfða. Mörg þessara iðnaðarhúsa eru hönnuð sem heild eða samstæður en slíkar lengjur samfelldra iðnaðarhúsa eru hvað mest einkennandi fyrir byggð á Ártúnshöfða, sunnan Stórhöfða og austan Breiðhöfða. Sem dæmi um samfelldar húsalengjur má nefna húsalengjurnar sem staðsettar eru fyrir miðjum Eldshöfða, við Eldshöfða 1-9 og 13-23. Þar er um að ræða tvær samfelldar raðir iðnaðarhúsa sem eru samfastar á bakhliðum og snúa annars vegar að syðri hluta Eldshöfða og hins vegar að norðurhluta götunnar. Hluti húsalengjanna var hannaður sem ein heild (1, 3, 5 og 19, 21 og 23) en önnur hús í lengjunum voru hönnuð af ýmsum aðilum. Húsalengjurnar við Eldshöfða eru reglufastar og samfelldar hvað hæð og útlit varðar, að undanskildum Eldshöfða 9 sem stendur við enda götunnar. Samskonar húsalengjur má finna á fleiri stöðum á Ártúnshöfða, svo sem við Hyrjarhöfða, Hamarshöfða og Tangarhöfða. Í þessu samhengi má einnig nefna stallaðar raðir iðnaðarhúsa við Eldshöfða 16-18 og Eirhöfða 14 og 17 en slíkt byggingarform má sjá víðar á Ártúnshöfða, svo sem við Smiðshöfða.

Í flestum húsanna á svæðinu hefur verið sama eða sambærileg starfsemi frá upphafi, enda um fremur unga iðnaðarbyggð að ræða. Bifreiðaverkstæði og bifreiðatengd starfsemi er þó nokkuð áberandi á svæðinu.


1.4.4 Uppbygging og þróun byggðar á svæði 4 (1967-1972)

Svæði 4 afmarkast af strandlínu til vesturs og norðurs, fyrirhugaðri götu vestan núverandi Bryggjuhverfis (Tangarbryggju) til austurs og Sævarhöfða til suðurs. Svæðið einkennist af grófum iðnaði og byggingarnar á lóðunum tveimur, Sævarhöfða 31 og 33, tilheyra allar starfsemi þeirra fyrirtækja sem þar hafa starfað frá því á sjöunda áratug 20. aldar; Björgun hf. og Sementverksmiðju ríkisins.

Uppbygging á svæðinu hófst upp úr 1967 en stóð yfir í skamman tíma, eða til 1972. Sementsverksmiðja ríkisins hóf byggingu hafnargarðs, pökkunarstöðva og sementsgeyma á Ártúnshöfða árið 1967 eftir að hinar ýmsu rannsóknir höfðu verið gerðar á svæðinu, svo sem á dýpt og botnlagi sjávar á ólíkum stöðum. Almenn ánægja var sögð hafa ríkt hjá ráðamönnum verksmiðjunnar með val á staðnum en Ártúnshöfðinn lá vel við siglingu frá Akranesi. Undirbúa þurfti byggingu hafnarsvæðisins vel en um 70 þúsund rúmmetrar voru sprengdir úr höfðanum. Afgreiðsla Sementsverksmiðjunnar var flutt inn í Ártúnshöfða í mars 1968. Það þóttu mikil viðbrigði þar sem verksmiðjan hafði verið á hálfgerðum hrakhólum með aðstöðu fram að því. Ferja frá Akranesi annaðist flutninga á sementinu, sem var ýmist afgreitt laust eða innpakkað. Geymirinn í ferjunni tók 120 tonn en sementinu var dælt á milli geyma með þrýstilofti. Fyrsti geymirinn (síló) sem steiptur var fyrir starfsemina á lóðinni var 34 metra hár og tók 4000 tonn af sementi. Til að byrja með var gert ráð fyrir rými tíu geyma en í dag eru þeir tveir (mhl. 03 og 04).⁶⁴

Í kjölfar byggingar sementsgeymanna var pökkunarstöð reist vestan við þá. Báðir sementsgeymarnir og pökkunarstöðin voru reist eftir teikningum Harðar Björnssonar byggingarfræðings á árunum 1967-1968, en Hörður hannaði allar byggingar Sementverksmiðju ríkisins á lóðinni. Geymarnir og pökkunarstöðin eru þungamiðja lóðarinnar að Sævarhöfða 31, ásamt því að vera áberandi kennileiti sem sést víða að úr borgarlandinu.

⁶⁴ *Alþýðublaðið*, 23.7.1967, bls. 14.



Mynd 22. Frá byggingu sementsgeymanna í júlí 1967. Bygging geymanna gekk vel og voru um 3,6 m af hæð þeirra reistir á sólarhring. Starfsmenn Sementsverksmiðjunnar á Akranesi byggðu geymana og notuðu til þess skriðmót.

Í upphafi áttunda áratugarins hóf Björgun ehf. starfsemi á lóðinni en þá flutti fyrirtækið starfsemi sína frá Vatnagörðum. Upphaflega snérist rekstur Björgunar um björgun strandaðra skipa en starfsemin breyttist í upphafi sjötta áratugarins þegar fyrirtækið eignaðist sitt fyrsta dæluskip. Upp úr 1990 hófst nýr kafli í sögu Björgunar en þá réðst fyrirtækið í stækkun á lóð sinni og uppbyggingu bryggjuhverfis í Grafarvogi sem staðsett er austan við lóð fyrirtækisins. Uppbygging bryggjuhverfisins var upphafið að þátttöku fyrirtækisins í landþróunarverkefnum.⁶⁵ Báðar byggingarnar sem reistar voru fyrir starfsemi Björgunar á lóðinni Sævarhöfða 33 (mhl. 01 og mhl. 02) eru hannaðar af arkitektunum Helga og Vilhjálmí Hjálmarssonum og þykja góð dæmi um höfundarverk þeirra.

⁶⁵ Vefur Björgunar ehf.: <http://www.bjorgun.is> → Um Björgun → Saga. Sótt 1.8.2018.

2. Skráning húsa og mannvirkja

2.1 Um lögbundna verndun og skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** fer mennta- og menningarmála-ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁶⁶

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Um *friðun og friðlýsingu* er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Nánari ákvæði um *verndun og varðveislu húsa og mannvirkja* er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

⁶⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1.1.2013. Sjá einnig vef Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is → Hús og mannvirki → Friðuð hús og mannvirki → Reykjavík.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Kveðið er á um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Í **skipulagslögum nr. 123/2010** er kveðið á um gerð húsakönnunar vegna deiliskipulags, sjá 37. gr.⁶⁷

Þegar unnið er **deiliskipulag í þegar byggðu hverfi** skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð **húsakönnunar**.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun:⁶⁸

Upplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi.

Minjastofnun Íslands hefur gefið út leiðbeiningar um húsaskráningu og gerð húsakannana.⁶⁹ Þar er húsakönnun skilgreind sem:

byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.

Í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019**, segir jafnframt um skráningu minja vegna deiliskipulags:⁷⁰

Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í neðanmálsgrein segir:⁷¹

Rétt er að benda á að samkvæmt þessari grein skipulagslaga ber að gera húsakönnun þar sem lagt er mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru. Skráning friðaðra, friðlýstra og varðveisluverðra húsa er hluti slíkrar húsakönnunar en hún nær einnig til annarra bygginga innan skipulagsreitsins.

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

⁶⁷ Skipulagslög nr. 123/2010. Tóku gildi 1.1.2011. Sjá vef alþingis: <http://www.althingi.is> → Lagasafn.

⁶⁸ Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

⁶⁹ *Húsaskráning - Huginn - Húsakönnun*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 2, bls. 4. Sjá vef Minjastofnunar: <http://www.minjastofnun.is/> → Gagnasafn → Leiðbeiningarit.

⁷⁰ Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019, 4. gr.

⁷¹ Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019, 4. gr.

2.2 Um Húsaskrá Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn) heldur rafrænar skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá. Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskráin byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar Reykjavíkur, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum í borginni.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjallasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Enn fremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og solum í Reykjavík í aldanna rás.


Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sögu sem skráð er af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

2.3 Húsaskrá – Ártúnshöfði

Hér fer á eftir skrá yfir hús og mannvirki á deiliskipulagssvæði á norðvesturhluta *Ártúnshöfða*. Svæðið er hluti af því svæði sem rammaskipulag fyrir Elliðaárvog-Ártúnshöfða tekur til, sem afmarkast nokkurn veginn af Vesturlandsvegi til suðurs, Elliðaárvogi til vesturs, strandlínu uppfyllinga við Elliðaárvog/Grafarvog til norðurs og Gullinbrú og Höfðabakka til austurs. Svæðinu sem hér er til umfjöllunar, norðvesturhluta Ártúnshöfða, hefur síðan verið skipt í fjögur deiliskipulagssvæði (sjá mynd 1) og eru þau öll til umfjöllunar hér.

2.3.1 Ártúnshöfði – Svæði 1⁷²



Mynd 23. Afmörkun deiliskipulagssvæðis 1 á Ártúnshöfða.⁷³

Svæðið afmarkast til vesturs af strandlínu og til norðurs af línu sem dregin er í sveig meðfram brún klettaskálar og áfram til austurs gegnum lóðir nr. 11 við Eirhöfða og 11 og 11a við Breiðhöfða, meðfram suðurmörkum lóða við Eldshöfða 2 og 4, þá til suðurs í gegnum lóð Breiðhöfða 10 og áfram til austurs meðfram Stórhöfða. Til austurs afmarkast svæðið af línu sem dregin er eftir stíg milli lóða nr 15 og 17 við Funahöfða og til suðurs af línu sem dregin er meðfram suðurmörkum lóða við Funahöfða 9-15 og Breiðhöfða 7, áfram til suðurs eftir götunni Breiðhöfða og síðan í vesturátt meðfram lóðamörkum Þórðarhöfða 4 og áfram að Sævarhöfða. Innan svæðisins

⁷² Athuga skal að þrjár af fjórum matshlutum sem tilheyra grjótmulningsstöð á svæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða við Malarhöfða 6-10 (mhl. 23, 24 og 27) falla innan svæðis 1 og eru því skráðir hér undir svæði 1. Einn hluti þessarar grjótmulningsstöðvar (mhl. 22) fellur hins vegar innan svæðis 2 og er því skráður undir svæði 2 í húsaskrá. Þar sem mörkin milli svæða 1 og 3 skipta lóðunum Breiðhöfða 11 og Eirhöfða 11 einnig í tvennt er hluti húsa á þeim lóðum skráður undir svæði 1 og hluti undir svæði 3.

⁷³ Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

standa byggingar við göturnar Malarhöfða, Eirhöfða, Breiðhöfða, Þórðarhöfða og Funahöfða, sem og hluti bygginga sem tilheyra athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða á lóðinni Sævarhöfða 6-10.⁷⁴ Svæðið einkennist af blönduðum iðnaði en fyrsta fyrirtækið sem hóf starfsemi þar var Steypustöðin hf. sem byrjaði að starfa á Malarhöfða 10 í upphafi sjötta áratugar 20. aldar.

⁷⁴ Þrjár byggingar sem tilheyra Malbikunarstöðinni Höfða, þ.e. grjótmulningsmannvirki (mhl. 23, 24 og 27), eru skráðar undir svæði 1 í húsaskrá, en aðrar byggingar og mannvirki á lóðinni eru skráð undir svæði 2.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Þurrkklefi



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 03) var byggt 1966 skv. Fasteignaskrá. Engar teikningar finnast af húsinu sem í upphafi var nýtt sem þurrkklefi þar sem þurrkaðar voru hellur sem framleiddar voru á svæðinu. Í dag er húsið nýtt sem geymsla.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lág gildi. Einföld skúrbygging.


Menningarsögulegt gildi: Lág til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lág gildi. Stendur við innkeyrslu inn á lóðina, norðan við fjögurra hæða skrifstofubyggingu (mhl. 04).

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Húsið hefur lág varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Halldór Jónsson
verkfræðingurUpphafleg notkun
Steypustöð ?**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypt
 Klæðning Múrsléttað
 Þakgerð Skáþak
 Þakklæðning Bárújárn
 Undirstöður Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar
 1994 Viðbygging
 inngangur

Hönnuðir breytinga

Halldór Jónsson

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 04) var byggt eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings frá árinu 1981. Byggingarár skv. Fasteignaskrá er 1983.

Sambærilega byggingu og mhl. 04 má sjá á loftmynd frá árinu 1954 (Borgarvefsjá) en engar teikningar af þeirri byggingu finnast.

Í dag er húsið nýtt undir skrifstofu Steypustöðvarinnar.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Skrifstofuhús í anda húsagerðar níunda áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi. Húsið er byggt inn í klöpp og fellur því nokkuð vel að umhverfi sínu. Húsið er svipað í útliti og stíl öðrum húsum á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði, svo sem mhl. 06 og 12.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.


Varðveislugildi: Húsið hefur miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Vélaverkstæði.



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn ?
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1971	Viðbygging
1973	Viðbygging þakbreyting
2004	Innra fyrirkomulag Útlitsbreyting
2007	Innra fyrirkomulag Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Halldór Jónsson	Verkfr.
Halldór Jónsson	Verkfr.
Pálmar Kristinsson	Arkit.
Pálmar Kristinsson	Arkit.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 05) var reist árið 1952 sem vélaverkstæði, samkvæmt Fasteignaskrá. Ekki finnast upprunalegar teikningar af húsinu sem hefur tekið þó nokkrum breytingum.

Fyrsta samþykkt teikningin af viðbyggingu við húsið er frá 1971 (sjá mynd t.v. að ofan) en á loftmynd frá 1965 (Borgarvefsjá) má sjá að húsið hafði þá verið lengt til SA. Árið 1973 var reist viðbygging við NA-hlið hússins. Þá var þaki jafnframt breytt úr skáþaki í mænispak. Árið 1987 var bygging reist við SA-horn hússins sem skráð er sem sérstakur matshluti (sjá sérskráningu mhl. 12). Innangengt er úr mhl. 05 yfir í þá byggingu en hún er töluvert hærri.

Innra fyrirkomulagi og útliti vesturhliðar var breytt 2004 en þá var hluta vélaverkstæðis breytt í múrvöruverslun. Árið 2007 var innanhússkipulagi aftur breytt og varahlutabúð komið fyrir á fyrstu hæð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einföld iðnaðarbygging.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Húsið tengist sögu iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt til miðlungs gildi. Húsið stendur á stórra iðnaðarlóð, án tengsla við nærumhverfi.

Upprunaleg gerð: Lágt gildi. Byggt hefur verið við húsið og útliti og þaki breytt frá upprunalegri hönnun. Upphafleg notkun hússins hefur í grunnin haldist sú sama þar sem enn er starfsrækt vélaverkstæði í húsinu.


Varðveislugildi: Húsið hefur lágt til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Rannsóknarstofa

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ál
Þakgerð	Skáþak (skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit**Helstu breytingar**

1993 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Halldór Jónsson

Verkfr.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 06) var byggt 1964 skv. Fasteignaskrá. Upphaflegar teikningar finnast ekki af húsinu en Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði breytingar á því árið 1993. Á teikningum Halldórs má sjá að þaki hússins var m.a. breytt úr skáþaki yfir í mænispak.

Húsið er enn nýtt sem rannsóknarstofa (árið 2018).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfalt steinsteypt atvinnuhúsnæði.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur á miðju iðnaðarsvæði. Húsið er svipað í útliti og stíl og þau hús á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði, svo sem mhl. 04 og 12.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.


Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Steypustöð

**Upphafleg gerð**

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Upphaflegt útlit**Helstu breytingar**

1964 Stjórnstöð og
efnisgeymslur

Hönnuðir breytinga

Stefán Ólafsson bygg.fr.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 07) er aðflutt sænsk steypustöð. Byggingarár hennar er 1964 skv. Fasteignaskrá. Við vesturhlið steypustöðvarinnar er yfirbyggð stjórnstöð og undir henni efnisgeymslur sem byggðar voru 1964 eftir teikningum Stefáns Ólafssonar byggingarverkfræðings. Ein efnisgeymslanna sem staðsett er á jarðhæð teygir sig yfir í nærliggjandi steypustöð (mhl. 10) sem staðsett er austan við mhl. 07.

Byggt hefur verið utan um síló steypustöðvarinnar að hluta til einangrunar. Sunnan við steypustöðina má finna færíbönd sem tengjast jarðsíló (mhl. 09, sjá sérskráningu).

Steypustöðin er ekki lengur í notkun og hefur byggingarfulltrúi heimilað niðurrif mannvirkisins (dags. 18.05.2007).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.


Menningarsögulegt gildi: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Steypustöðin stendur á miðri lóð án tengsla við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Lágt til miðlungs gildi. Byggt hefur verið utan um síló og utan á steypustöðina.

Varðveislugildi: Steypustöðin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Halldór Jónnson
verkfræðingurUpphafleg notkun
Sementshús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinst. / Járngrind
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steypur

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1993 Útlitsbreyting
Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Halldór Jónsson

Verkfr.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 08) var byggt eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings 1964 skv. Fasteignaskrá. Húsið er skráð sem sementshús í Fasteignaskrá en var áður nýtt sem smurstöð og smíðaverkstæði.

Húsið var endurteiknað og skipulagt árið 1993 eftir teikningum Halldórs. Í dag er húsið nýtt sem geymsla.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt iðnaðarhús, bogaskemma.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Stendur langt inni á lóð og sést því frá Þórðarhöfða.

Upprunaleg gerð: Miðlungs til hátt gildi. Skemman virðist nokkuð upprunaleg hvað form og útlit varðar en hefur verið breytt töluvert innandyra.

Varðveislugildi: Húsið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Jarðsiló



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

? Viðbygging

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 09) er skráð sem kyndiklefi byggður árið 1964 samkvæmt Fasteignaskrá. Engar teikningar finnast af mannvirkinu.

Samkvæmt heimildum frá Steypustöðinni er um að ræða jarðsiló þar sem efni fyrir steypustöðina voru geymd. Efnin voru síðan flutt með færiböndum sem liggja frá norðurhlíð mannvirkisins yfir í steypustöðvarnar (mhl. 07 og 10, sjá sérskráningu).

Á loftmynd frá 1995 (Borgarvefsjá) má sjá að þá var búið að byggja við austurgafll mannvirkisins en þá hafði steypustöðvunum verið fjölgað úr einni í tvær.

Mannvirkið er ekki lengur í notkun.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Einfalt geymslumannvirki, neðanjarðarsiló.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs gildi. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.


Umhverfisgildi: Lágt gildi. Mannvirkið stendur á austurhluta lóðarinnar og er ekki í tengslum við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Mannvirkið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Steypustöð

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund

Klæðning

Þakgerð

Þakklæðning

Undirstöður

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 10) er aðflutt sænsk steypustöð. Í Borgarvefsjá er steypustöðin merkt sem mhl. 10 en samkvæmt Fasteignaskrá er mhl. 10 jarðsíló byggt 1964. Steypustöðin sést fyrst á loftmynd frá 1990 (Borgarvefsjá).

Byggt hefur verið utan um síló steypustöðvarinnar að hluta, til einangrunar. Efnisgeymsla sem staðsett er sunnan steypustöðvarinnar tengist mhl. 07 (sjá sérskráningu).

Sunnan við steypustöðina eru færribönd sem tengjast jarðsílóhúsi (mhl. 09, sjá sérskráningu).

Steypustöðin er ekki lengur í notkun og hefur byggingarfulltrúi heimilað niðurrif mannvirkisins (dags. 18.05.2007).

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.


Menningarsögulegt gildi: Lágt gildi. Aðflutt steypustöð með viðbyggingum.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Steypustöðin stendur á miðri lóð án tengsla við nærumhverfið.

Upprunaleg gerð: Upprunaleg gerð ókunn.

Varðveislugildi: Steypustöðin hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf.

Hönnun Halldór Jónsson
VerkfræðingurUpphafleg notkun
Afgreiðslubygging

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
 Klæðning Múrsléttað
 Þakgerð Skáþak / mænisþak
 Þakklæðning Bárújárn
 Undirstöður Steypur

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

1990 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Halldór Jónsson

verkfr.

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur. Steypustöðin, sem hóf starfsemi á lóðinni 1964, er einna best þekkt sem frumkvöðull í framleiðslu á steypu úr steypubifreiðum en starfsemin hafði töluverð áhrif á uppgang í mannvirkjagerð á Íslandi eftir lok síðari heimstyrjaldar.

Á Malarhöfða 10 er að finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Húsið sem hér um ræðir (mhl. 12) var reist eftir teikningum Halldórs Jónssonar verkfræðings árið 1987 skv. Fasteignaskrá. Húsið er viðbygging og stendur við SA-horn mhl. 05 (sjá sérskráningu). NA-hluti byggingarinnar er grafinn inn í landið og því sést einungis efsta hæð byggingarinnar frá austri og suðri.

Húsið var hannað sem afgreiðslubygging með matsal, eldhúsi, baðaðstöðu og búningsherbergi ásamt annarri starfsmannaádstöðu. Notkun byggingarinnar er sú sama nú (2018) og í upphafi.

Varðveislumat

Byggingarlist: Miðlungs gildi. Móðernísk bygging í anda húsagerðar níunda áratug 20. aldar.


Menningarsögulegt gildi: Lág til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.

Umhverfisgildi: Lág til miðlungs gildi. Húsið, sem er viðbygging, er nokkuð ólíkt því húsi sem byggt var við (mhl. 05) hvað stíl og útlit varðar en er í sambærilegum stíl og önnur hús á lóðinni sem Halldór Jónsson verkfræðingur hannaði (s.s. mhl. 04 og 06).

Upprunaleg gerð: Hátt. Húsið virðist upprunalegt að gerð.

Varðveislugildi: Húsið hefur lág til miðlungs varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Steypustöðin hf

Hönnun Pálmar Kristinsson
arkitektUpphafleg notkun
Steypustöð / malarsiló

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	?
Undirstöður	Steyptar

Saga

Á lóðinni Malarhöfða 10 er athafnasvæði Steypustöðvarinnar (sem framleiðir m.a. blautsteypu og hellur). Þar má finna tíu hús og mannvirki (mhl. 03, 04, 05, 06, 07, 08, 09, 10 og 19) en starfsemi fyrirtækisins er nokkuð dreifð um lóðina.

Mannvirkið sem hér um ræðir (mhl. 19) er kallað „nýja steypustöðin“ og var reist eftir teikningum Pálmars Kristmundssonar arkitekts árið 2010 skv. Fasteignaskrá. Um er að ræða jarðsiló fyrir íblöndunarefni sem staðsett er fyrir miðri lóð ásamt öðrum tengdum mannvirkjum. Jarðsilóið er eina varanlega mannvirkið í „nýju steypustöðinni“ en mhl. 16, 17 og 18 eru færanleg skv. heimildum frá Steypustöðinni.

Nýja steypustöðin er fullri notkun í dag (2018).


Varðveislumat

Byggingarlist:	Lágt til miðlungs gildi. Einfalt jarðsiló.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt til miðlungs. Tengist sögu iðnaðar- og atvinnustarfsemi á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Lágt gildi. Er ekki í sérstökum tengslum við nærumhverfið.
Upprunaleg gerð:	Hátt gildi. Óbreytt að mestu.
Varðveislugildi:	Mannvirkið hefur lágt varðveislugildi.

Fyrsti eigandi Grjót nám
Reykjavíkur

Hönnun Rögnvaldur Þorkelsson
Bæjarverkfr. í Reykjavík

Upphafleg notkun
Grjót munningsstöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak / skáþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1989 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Ari Ólafsson verkfr.

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“ Grjót- og sandnám bæjarins við Elliðaárvog hófst upp úr 1945. Malbikunarstöð Reykjavíkur hóf störf á svæðinu upp úr 1963. Núverandi starfsemi á lóðinni á því rætur að rekja til upphafs iðnaðar á Ártúnshöfðanum.

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 23, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjót munningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjót nám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Grjót sem hafði verið sprengt í grjót námi Reykjavíkur, sem var á þessum tíma staðsett við Selás, var flutt með stórum vögnum í grjót munningsstöðina og þar affermt við forbrjót (mhl. 27, sjá sérskráningu). Eftir að hafa farið gegnum forbrjótinn gekk grjótíð áfram á færíbandi í gegnum þrjár munningsvélar sem brutu grjótíð í mismunandi kornastærðir.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og er þetta hús næstvestast í röðinni. Húsið er frábrugðið hinum grjót munningshúsunum að því leyti að það hýsir tvær grjót munningsvélar ásamt stjórnstöð fyrir vélarnar í hinum grjót munningshúsunum. Byggt var við suðurhlíð hússins árið 1989 til að koma auka munningsvél inn í húsið. Að öðru leyti er ásýnd hússins nokkuð upprunaleg.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjót munningshúsa sem tengjast með færíbandi.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Grjótíð sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Eldri hluti hússins er að mestu óbreyttur. Viðbygging við húsið hefur breytt yfirbragði þess að hluta. Færíbandið sem liggur að austur- og vesturgafli hússins er upprunalegt.


Varðveislugildi:

Grjót munningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi. Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi Grjótnám
Reykjavíkur

Hönnun Rögnvaldur Þorkelsson
Bæjarverkfr. í Reykjavík

Upphafleg notkun
Grjótmulningsstöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 24, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og er þetta hús næstaustast í röðinni. Húsið hefur haldist óbreytt að mestu að frátöldum smávægilegum útlitsbreytingum á suðurhlíð hússins.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færíbandi.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er að mestu óbreytt. Færíbandið sem liggur að austur- og vesturgafli hússins er upprunalegt.


Varðveislugildi:

Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi. Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi Grjótnám
Reykjavíkur

Hönnun Rögnvaldur Þorkelsson
Bæjarverkfr. í Reykjavík

Upphafleg notkun
Grjótmulningsstöð



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak / skáþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Þrílyft

Helstu breytingar

? Gluggabreyting
2017 Hækkun á þaki

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni Sævarhöfða 6-10 er athafnasvæði Malbikunarstöðvarinnar Höfða. Þar er að finna 18 matshluta skv. Borgarvefsjá, 12 þeirra eru skráðir í Fasteignaskrá ýmist undir heitinu „Sævarhöfði 6-10“ eða „Ártúnsh.“

Húsið sem hér um ræðir (Ártúnsh., mhl. 27, fastanr: 204-2955) er hluti af „nýju grjótmulningsstöðinni“ sem samanstendur af fjórum byggingum sem byggðar voru árið 1961 fyrir Grjótnám Reykjavíkurborgar eftir teikningum Rögnvaldar Þorsteinssonar bæjarverkfræðings (mhl. 22, 23, 24 og 27, sjá mhl. 22 undir svæði 2). Húsin eru einstök í borgarsögunni meðal annars vegna þess að hér er um að ræða fágæta yfirbyggða starfsemi.

Húsin standa í röð frá vestri til austurs og þetta hús austast í röðinni. Húsið hefur haldist óbreytt að mestu að frátöldum gluggum á norðurgafli hússins, utanálíggjandi stiga við austurgafli og hækkun á þaki efsta hluta hússins.

Grjótmulningsvélín í húsinu er frábrugðin hinum að því leyti að hún er sú eina sem er upprunaleg.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Miðlungs gildi. Fremur einfalt iðnaðarhús. Hluti af heild fjögurra grjótmulningshúsa sem tengjast með færíbandi.

Menningarsögulegt gildi:

Hátt. Grjótið sem mulið var í húsunum var notað sem undirlag fyrir flestar götur borgarinnar. Húsin hafa sterk tengsl við innviðasögu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera atvinnusögu svæðisins og sögu gatnamála vitni. Að auki hefur notkun byggingarinnar verið sú sama frá upphafi.

Umhverfisgildi:

Miðlungs. Húsin standa suðaustarlega á lóðinni í röð frá vestri til austurs. Þau hafa ekki áhrif á götumynd.

Upprunaleg gerð:

Hátt gildi. Húsið er að mestu óbreytt. Helst ber að nefna breytingu á þaki efsta hluta hússins en því var lyft upp að hluta eftir að það fauk af í óveðri árið 2017. Færíbandið við vesturgafli hússins er upprunalegt.


Varðveislugildi:

Grjótmulningshúsin fjögur hafa hátt varðveislugildi. Þau mynda eina heild og eru sem slík merkileg heimild um þann iðnað sem stundaður hefur verið á staðnum frá upphafi grjót- og sandnáms bæjarins við Elliðaárvog. Þau eru áhugavert dæmi um iðnaðarhúsnæði sem hefur sterk tengsl við innviða- og iðnaðarsögu borgarinnar. *Lagt er til að húsaröðin (sem húsið tilheyrir) njóti verndar í gulum flokki: Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.*

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Geymsluskemmur



Upphafleg gerð

Tegund Járn
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Bogapæk
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steyptar

Upphaflegt útlit

Tvílyft ?

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 01-05) eru partur af röð tólf sambyggðra bogaskemma sem byggðar voru á árunum 1965-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 1-5 voru reistir á árunum 1965-1966 og eru því fyrstu skemmurnar sem reistar voru í röðinni. Samkvæmt frétt og mynd sem birtist í *Tímanum* 11. ágúst 1965 var skemmunum ætlað að hýsa efni og áhöld fyrir starfsemi borgarinnar. Jafnframt var ætlunin að leigja einhverjar skemmur út. Á loftmynd frá 1971 (Borgarvefsjá) má sjá að tíu af tólf skemmum höfðu þá verið reistar.

Skemmurnar fimm sem hér um ræðir, eru staðsettar í NA-enda lengjunnar. Byggt var við NA-hlið mhl. 01 árið 1980 (mhl. 11 og 12, sjá sérskráningu). Í frétt *Morgunblaðsins* frá 30. ágúst 1980 kom fram að eldur hafi komist í plastklæðningu sem verið var að rafsjóða á meðan á framkvæmdum stóð. Matshluti 01 skemmdist töluvert samkvæmt fréttinni.

Skemmurnar fimm (mhl. 01-05) eru nokkuð upprunalegar að gerð að frátöldum gluggum á SV- og SA-göflum.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Menningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inni á lóð án tengsla við nærumhverfi.


Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Gluggum hefur t.d. verið komið fyrir á SA- og SV-göflum hússins.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Geymsluskemmur



Upphafleg gerð

Tegund Járn
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Bogapak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

? Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

?

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 6-8) eru partur af röð tólf sambyggðra bogaskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 06-08 voru reistir árið 1968 (skv. Fasteignaskrá) í beinu framhaldi af mhl. 01-05 (sjá sérskráningu).

Matshlutar 06-08 eru í syðri hluta lengjunnar. Skemmurnar þrjár virðast nokkuð upprunalegar að gerð en hurðum hefur verið breytt, auk þess sem gluggum og loftræstiristum hefur verið komið fyrir á SA-göflum skemma.

Varðveislumat

Byggingarlist: Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Meningarsögulegt gildi: Lágt til miðlungs. Geymsluskemmurnar hafa þjónað sama tilgangi frá upphafi. Húsin bera iðnaðar- og atvinnusögu svæðisins vitni.

Umhverfisgildi: Lágt gildi. Skemmuröðin stendur langt inni á lóð án tengsla við nærumhverfi.


Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi. Skemmurnar virðast nokkuð upprunalegar að gerð en útliti þeirra hefur verið breytt að hluta. Gluggum og loftræstiristum hefur verið komið fyrir á SA-gaflum hússins.

Varðveislugildi: **Bogaskemmurnar hafa lágt til miðlungs varðveislugildi.**

Fyrsti eigandi Vélamiðstöð
Reykjavíkurborgar

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Geymsluskemmur



Upphafleg gerð

Tegund	Járn
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steyptar

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

?	Útlitsbreyting	?
?	Viðbygging (skúr)	?

Saga

Geymsluskemmurnar sem hér um ræðir (mhl. 09-10) eru partur af röð tólf sambyggðra járnboga geymsluskemma sem byggðar voru á árunum 1966-1979 fyrir Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar. Matshlutar 09-10 voru reistir árið 1969 (skv. Fasteignaskrá) í beinu framhaldi af mhl. 06-08 (sjá sérskráningu).

Matshlutar 09 og 10 eru í syðsta hluta lengjunnar. Skemmurnar tvær virðast nokkuð upprunalegar að gerð að frátöldum gluggum sem komið hefur verið fyrir á SV- og SA-göflum mhl. 10 og viðbyggðum skúr við SA-gafl mhl. 09.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Lágt til miðlungs gildi. Einfaldar bogaskemmur.

Menningsögulegt gildi:

